



**349. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSÍ, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal og á Microsoft Teams, fimmtudaginn 21. desember 2023 kl. 12:00.**

**Mætt:** Lárus L. Blöndal forseti, Hafsteinn Pálsson, Valdimar Leó Friðriksson, Viðar Garðarsson, Andri Stefánsson framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir sviðsstjóri Stjórnsýslusviðs ÍSÍ.

**Teams:** Þórey Edda Elísdóttir 1. varaforseti, Olga Bjarnadóttir 2. Varaforseti, Hörður Þorsteinsson gjaldkeri, Daníel Jakobsson, Elsa Nielsen, Garðar Svansson, Hildur Karen Aðalsteinsdóttir, Kári Mímísson, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, Úlfur H. Hróbjartsson og.

**Forföll:** Hjördís Guðmundsdóttir og Ragnheiður Ríkharðsdóttir.

Forseti setti fund og stjórnaði honum.

**Dagskrá:**

### **1. Svæðaskrifstofur ÍSÍ og UMFÍ**

Forseti og framkvæmdastjóri fóru yfir stöðu mála, helstu verkefni sem framundan eru og skipan tenglaráðs íþróttahéraða um málefnið. Hvert svæði skipar fulltrúa í tenglaráð, sem starfar náið með ÍSÍ og UMFÍ að undirbúningi verkefnisins. Verkefnið er flókið og umfangsmikið á vissum sviðum og því mikilvægt að vanda til verka.

### **2. Íþróttamaður ársins**

Framkvæmdastjóri minnti á viðburðinn sem haldinn verður 4. janúar á Hilton Hótel Nordica. Hófið verður með breyttu sniði, bæði hluti ÍSÍ og hluti Samtaka íþróttafréttamanna og var farið yfir skipulagið og fyrirkomulag. Útnefnt verður í Heiðurshöll ÍSÍ í beinni útsendingu á RÚV og einnig útnefndur Íþróttaldhugi ársins 2023.

### **3. Starfsreglur stjórnar**

Málinu frestað til næsta fundar framkvæmdastjórnar.

### **4. Skipan í starfshóp mennta- og menningarmálaráðuneytis um sameiginlegar svæðaskrifstofur**

Búið er að skipa Andra Stefánsson framkvæmdastjóra ÍSÍ sem fulltrúa sambandsins í ofangreindum vinnuhópi og hefur hópurinn þegar haldið einn fund.

### **5. Ólympíuleikar ungmenna – Gangwon 2024**

Lögð fram tillaga Skíðasambands Íslands og Afrekssviðs ÍSÍ um þátttakendur á leikunum.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Þátttakendur Íslands í leikunum verða:

#### **Alpagreinar:**

Dagur Ýmir Sveinsson, keppandi

Eyrún Erla Gestsdóttir, keppandi

Egill Ingi Jónsson, þjálfari

Sveinn Arndal Torfason, sjúkraþjálfari/þjálfari

**Skíðaganga:**

Hjalti Böðvarsson, keppandi  
María Kristín Ólafsdóttir, keppandi  
Einar Ágúst Yngvason, þjálfari  
Guðmundur Rafn Kristjánsson, þjálfari

**Snjóbretti:**

Júlíetta Iðunn Tómasdóttir, keppandi  
Reynar Hlynsson, keppandi  
Jökull Elí Borg, þjálfari

Aðalfararstjóri á leikunum verður Brynja Guðjónsdóttir, sérfræðingur á Afrekssviði ÍSÍ.  
Flokkstjóri verður Brynja Hrönn Þorsteinsdóttir, afrekstjóri Skíðasambands Íslands.  
Sjúkrþjálfari skíðagöngu og snjóbretta verður Margrét Ársælsdóttir.

Ekki verður sendur fulltrúi úr framkvæmdastjórn ÍSÍ á þessa leika.

**6. Heiðranir**

Samþykkt að sæma Guðmund Brynjólfsson fimleikabjálfa Silfurmerki ÍSÍ, að tillögu FSÍ.  
Viðurkenningin verður afhent á uppskeruhátíð Fimleikasambands Íslands síðar í dag.  
Hafsteinn Pálsson formaður Heiðursráðs mun annast heiðursveitinguna.

**7. Fundargerðir**

Eftirtaldar fundargerðir voru lagðar fram og staðfestar:

- 347. og 348. fundar framkvæmdastjórnar
- 304., 305. og 306. fundar Afrekssjóðs ÍSÍ.

**Eftirfarandi tillögur um styrkveitingar vegna ársins 2024, skv. fundargerð 306. fundar, samþykktar samhljóða:**

- Handknattleikssamband Íslands, 15 m. króna
- Kjöfnattleikssamband Íslands, 15 m. króna
- Íshökkísamband Íslands, 5 m. króna

Úlfur H. Hróbjartsson, Valdimar Leó Friðriksson og Viðar Garðarsson sátu hjá í atkvæðagreiðslu um ofangreindar tillögur um úthlutun.

**12. Viðburðir framundan**

Farið var yfir viðburði sem framundan eru.

**13. Næstu fundir**

Stefnt er að næsta fundi 11. janúar 2024.

**14. Önnur mál**

*Ólympíuleikarnir í París*

Rætt um Ólympíuleikana í París og möguleika framkvæmdastjórnar til þess að sækja viðburði á leikunum. Skrifstofa mun vinna tillögur að skiptingu leikanna í tímabil, með hliðsjón af úthlutuðu gistirými og miðastöðu.

*Starfshópur mennta- og barnamálaráðuneytis um almenningsíþróttir*

Hildur Karen skýrði frá stöðu mála varðandi skýrsluskil hópsins en hún á sæti í starfshópnum fyrir hönd ÍSÍ.

*Kvenkyns þjálfarar í afreksíþróttum*

Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir skýrði frá áhyggjum nokkurra sérsambanda af lágu hlutfalli kvenþjálfara á afreksstigi. Ýmis alþjóðasambönd gera orðið kröfu um þátttöku kvenkyns þjálfara í verkefnum á þeirra vegum en það hefur reynst erfitt að fjölga konum sem aðalþjálfurum á afreksstigi íþróttanna í mörgum íþróttagreinum hér á landi.

Vinnuhópur ÍSÍ um útbreiðslu og inngildinguna hefur hitt fulltrúa sérsambanda og rætt þetta mál. Verið er að skoða hvort að þetta málefni geti orðið hluti af ráðstefnu sem fyrirhugað er að halda í tengslum við alþjóða baráttudag kvenna í marsmánuði.

*Fundur með fulltrúum frá Pipar\TBWA*

Hörður Þorsteinsson skýrði frá fundi sem haldinn var með fulltrúum frá Pipar\TBWA varðandi áætlanir ÍSÍ um sýnileika sambandsins út á við, í tengslum við fjármögnun afreksíþróttastarfs. Málið verður kynnt betur síðar.

Fram kom ósk um að Upplýsinga- og fjölmiðlanefnd ÍSÍ hafi einnig aðkomu að þessum málum.

Í lok fundar óskaði forseti framkvæmdastjórnarfólki gleðilegra jóla.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari